

Lög

Stéttarfélags verkfræðinga

I KAFLI

Nafn félagsins og tilgangur

1. gr.

Félagið heitir Stéttarfélag verkfræðinga, skammstafað SV. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur þess er að vinna að bættum kjörum félagsmanna sinna skv. lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur og á hvern þann hátt, sem landslög leyfa. Í þessu skyni vill félagið láta til sín taka launamál félagsmanna og önnur kjör, tryggingamál þeirra, eftirlaun, styrktarsjóði o.fl.. Félagið kemur fram sem samningsaðili um kaup og kjör félagsmanna sinna skv. 13. grein þessara laga.

3. gr.

Félagið starfar sem hagsmunafélag verkfræðinga. Félagið á samstarf við VFÍ.

II KAFLI

Réttindi og skyldur félagsmanna.

4. gr.

Fullgildir félagar geta orðið:

Þeir sem lokið hafa viðurkenndri prófgráðu í verkfræði.

Þeir sem lokið hafa viðurkenndri háskólaprófgráðu í þeim vísindagreinum sem verkfræðin byggist á og aðrir fræðimenn í raunvísindum.

Allir framangreindir félagar skulu uppfylla inntökureglur félagsins á hverjum tíma.

Verkfræðinemar sem lokið hafa tveimur námsárum af háskólanámi í verkfræði, eða vísindagrein sem verkfræðin byggist á, geta orðið félagar með takmörkuðum réttindum og skyldum. Nefnast þeir ungfélagar.

Ungfélögum er heimil fundarseta með málfrelsi og tillögurétt. Þeir hafa ekki önnur réttindi í félaginu. Þeir eru gjaldfrjálsir þegar þeir eru í námi.

Atkvæðisrétt á fundum og rétt til setu í stjórn hafa þeir sem eru fullgildir félagar.

5. gr.

Beiðni um inntöku í félagið skal send stjórn þess. Við inngöngu skulu félagar, jafnframt því sem þeir fá félagsskírteini, skuldbinda sig til þess skriflega að hlíta lögum félagsins og löglega gerðum samþykktum þess.

6. gr.

Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg og vottföst og send félagsstjórn. Úrsögn fær gildi 4 mánuðum eftir að hún berst félaginu.

Eigi félagið í deilum um föst laun félagsmanna eða önnur kjör á því tímabili, sem úrsögn er að öðlast gildi, getur stjórn félagsins framlengt úrsagnarfrestinn um jafnlangan tíma og deilan stendur.

7. gr.

Félagsgjöld skal ákveða á aðalfundi ár hvert og skal gjalddagi ákveðinn af félagsstjórn.

Sé félagsgjald ekki greitt á gjalddaga er félagsstjórn heimilt að bæta við dráttarvöxtum, svo og öllum aukalegum innheimtukostnaði er af vanskilum leiðir. Skuldi félagsmaður árgjöld tveggja ára er félagsstjórn heimilt að víkja honum úr félaginu.

Komi félagsmaður fram á þann hátt, að ekki samræmist tilgangi félagsins, hag eða heiðri verkfræði-stéttarinnar, getur félagsstjórn vikið honum úr félaginu eða flutt hann á aukaskrá, sbr. þó 8.gr.

8. gr.

Ágreiningi, sem rísa kann milli einstakra félagsmanna annars vegar og félagsstjórnar hins vegar, um rétt eða skyldur félagsmanna, má vísa til félagsfundar, og er úrskurður hans endanlegur. Til staðfestingar á brottvikningu þarf 2/3 atkvæða á félagsfundi, þar sem slíkt mál er til meðferðar skv. fundarboði.

III KAFLI

Félagsfundir og stjórn.

9. gr.

Aðalfundur hefur æðsta vald í öllum málum félagsins, sbr. þó 8 gr.

Hann skal haldinn árlega fyrir 15. apríl og boðaður öllum félagsmönnum með bréfi eða rafpósti með viku fyrirvara, svo og með auglýsingu í fjölmiðlum. Í fundarboði skal greina fundarefni og tillögur, sem ætlast er til að bornar verði undir atkvæði.

Aukafundi skal halda, þegar stjórnin telur þurfa eða 10 félagsmenn krefjast þess skriflega. Boði stjórnin ekki slíkan fund innan viku frá því, að henni hefur borist krafan, geta þeir, sem fundar óska, sjálfir boðað til hans.

Félagsfundir skulu að jafnaði haldnir á tímabilinu 1. október – 1. maí.

10. gr.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu ári.
2. Reikningsskil.
3. Skýrslur og tillögur sérstakra nefnda, ef kjörnar hafa verið.
4. Tillögur félagsstjórnar.
5. Kjör félagsstjórnar.
6. Kjör skoðunarmanna ársreikninga.
7. Tilkynning um löggiltan endurskoðanda.
8. Önnur mál.

11. gr.

Rétt boðaður aðalfundur er löglegur, án tillits til fundarsóknar. Afl atkvæða ræður úrslitum, sbr. og 15. gr.

Til breytinga á lögum félagsins þarf þó 2/3 atkvæða fullgildra félaga, sem sækja fundinn.

12. gr.

Hverjum félagsfundi stýrir kjörinn fundarstjóri. Hann tilnefnir ritara. Fundargerðir skal bóka og bera upp til samþykktar í fundarlok. Þyki fundarstjóra efni til, getur hann frestað því til næsta fundar.

13. gr.

Eigi félagið í deilum um laun félagsmanna eða önnur kjör, getur félagsfundur kjörið sérstaka nefnd eða nefndir til þess að koma fram af félagsins hálfu í deilunni eða falið félagsstjórn það hlutverk.

Félagsstjórn eða nefndin hefur þá vald og ber skyldur samkvæmt II kafla laga nr. 80 11/6 1938.

Á fundi, þar sem rætt er um mál, sem grein þessi fjallar um, eru þeir einir atkvæðisbærir sem eiga beina aðild að viðkomandi deilu. Á slíkum fundi getur 1/3 atkvæðisbærra félagsmanna krafist almennrar, leynilegrar, skriflegrar atkvæðagreiðslu, og skal þá annað hvort félagsstjórn eða sérlega kjörinni kjörstjórn falið að sjá um slíka atkvæðagreiðslu.

Slík allsherjaratkvæðagreiðsla má fara fram með tvennum hætti:

1. Tillaga sú, sem taka á ákvörðun um, skal send öllum atkvæðisbærum félagsmönnum ásamt atkvæðaseðli, er rita ber á já eða nei, leggja í umslag, loka því og leggja það í annað umslag, er beri með sér frá hverjum atkvæðið er. Bréfið skal síðan sent til félagsstjórnar (kjörstjórnar) innan frests, er hún hefur ákveðið fyrirfram.

Áður en atkvæði eru talin, sal setja öll minni umslögin í kassa, blanda þeim síðan saman og telja.

2. Félagsstjórn (kjörstjórn) tilkynnir félagsmönnum, hvar allsherjaratkvæðagreiðsla skuli fara fram og á hvaða tíma hún standi yfir.

Atkvæðisbærir félagsmenn mæta þar og greiða atkvæði með því að skrifa já eða nei á atkvæðaseðilinn, er síðan skal látinn í lokaðan kassa.

Atkvæðagreiðslan samkvæmt þessum lið má ekki standa skemur en 2 daga, 12 klst. hvorn dag.

Sé um að ræða mjög mikilsverð mál, getur 1/3 atkvæðisbærra félagsmanna á fundi, þar sem slíkt mál er til meðferðar, krafist allsherjaratkvæðagreiðslu samkvæmt þessari grein, og skal hún þá fara fram.

14. gr.

Stjórn félagsins er skipuð sjö mönnum. Ár hvert skal kjósa beinni kosningu formann til eins árs. Formaður skal vera úr hópi sitjandi stjórnarmanna eða hafa setið í stjórn félagsins áður.

Í stjórn sitja að auki sex meðstjórnendur, þeir skulu kosnir til tveggja ára í senn, þrír á hverju ári. Stjórn kys árlega varaformann úr hópi meðstjórnenda sem setið hafa eitt ár eða lengur.

Í stjórn sitja auk þess tveir varamenn, sem skulu kosnir til tveggja ára í senn, einn á hverju ári.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Forfallist formaður á kjörtímabilinu, skal varaformaður taka sæti hans.

Formaður getur boðað varamenn á stjórnarfundi, þegar þess er talin þörf.

15. gr.

Skoðunarmenn ársreikninga eru tveir, og einn til vara. Þeir skulu kjörnir á aðalfundi til eins árs í senn. Við kjör skoðunarmanna ársreikninga eru stjórnarmenn ekki gjaldgengir.

16. gr.

Sérhver fullgildur félagi er skyldur að verða við kosningu til starfa í félaginu, nema gild forföll hamli, en getur neitað endurkjöri jafn langan tíma og hann hefur gegnt störfum.

17. gr.

Félagsstjórn heldur fund, þegar formaður ákveður eða einhver stjórnarmanna óskar. Formaður stýrir fundum. Ritari skráir gerðir stjórnarinnar í þar til gerða bók. Gjaldkeri varðveitir sjóð félagsins skv. nánari ákvörðun félagsstjórnar eða félagsfundar, innheimtir félagsgjöld og önnur gjöld, ef til kemur, sér um reikningshald og reikningsskil.

Félagsstjórn ber að halda nákvæma skrá um félagsmenn, er greinir nafn þeirra, stöðu og heimili. Skráin skal vera í tvennu lagi og fullgildir taldir á annarri en ungfélagar á hinni.

Tilkynningar til félagsmanna er rétt að senda til þess heimilisfangs, er þeir hafa síðast tilkynnt.

18. gr.

Stjórn félagsins er heimilt að ráða framkvæmdastjóra vegna starfsemi SV, veita honum prókúru og heimild til að ráða annað starfsfólk, að því gefnu að fjárhagur félagsins leyfi það. Stjórnin setur framkvæmdastjóra starfsreglur.

IV. KAFLI

Lokaákvæði.

19. gr.

Félaginu verður því aðeins slitið, að félagsslitin séu samþykkt á sama hátt og gildir um lagabreytingar. 1/3 fundarmanna getur og krafist allsherjaratkvæðagreiðslu samkv. 13.gr.

Félagsslitafundur tekur ákvörðun um ráðstöfun eigna félagsins.

Stéttarfélag verkfræðinga

Engjateigi 9

Reykjavík

Sími: 568-9986

Myndriti: 588-6309

Veffang: <http://www.sv.is>

Netfang: sv@sv.is